

13. fundur Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn þriðjudaginn 23. apríl 2019 á bæjarskrifstofu Fljótshéraði Lyngási 12.

Fundurinn hófst kl. 14:00.

Á fundinn eru mættir, Björn Ingimarsson, Steinar Ingi Þorsteinsson, Anna Alexandersdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Jón Þórðarson, Gauti Jóhannesson, Kristján Ingimarsson, Bergþóra Birgisdóttir, Vilhjálmur Jónsson, Elvar Snær Kristjánsson og Hildur Þórisdóttir. Þá einnig Róbert Ragnarsson og Páll Björgvin Guðmundsson ráðgjafar sem rituðu fundargerð.

Björn bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lögð fram fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir og telst fundargerðin samþykkt.

2. Framlög jöfnunarsjóðs

Farið yfir áætluð framlög jöfnunarsjóðs m.v. núverandi reglugerðir og viðmið. Ákveðið að fá til fundar fulltrúa frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu á næsta fund nefndarinnar.

Fjármálastjóra Fljótshéraðs falið að vinna að samantekt ársreikninga sveitarfélaganna fyrir árið 2018 og tengja fyrirbyggjandi langtímaáætlunum en vinna við ársreikninga eru nú á lokastigum hjá öðrum sveitarfélögum heldur en Fljótshéraði.

3. Áætlanir um fjárfestingar og viðhald

Farið yfir stöðu á vinnu við endanlega áætlanagerð er varðar fjárfestingar og viðhald til næstu fjögurra ára. Þeirri vinnu er áætlað að verði lokið í þessari viku.

4. Uppsetning á sameiningartillögu

Farið yfir hugmyndir að efnisliðum við gerð sameiningartillögu. Ákveðið að vinna áfram með það upplagg sem kynnt var. Við tillöguna þarf að bæta við umfjöllun um sérkenni hvers samfélags.

5. Tillögur að stjórnskipulagi

Rædd drög að samþykktum fyrir sameinað sveitarfélag þ.m.t. verkefni heimastjórna. Tillagan verður nú send samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu til skoðunar og yfirferðar. Þá farið yfir þóknarir fyrir fulltrúa í bæjarstjórn, ráðum og nefndum.

6. Fundir samstarfsnefndar

Næsti fundur fer fram 13.maí, haldinn á Egilsstöðum kl: 14:00.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 17.